

FUNDARGERÐ UMHVERFISMÁLARÁÐS BOLUNGARVÍKUR

Fundur var haldinn í Umhverfismálaráði Bolungarvíkurkaupstaðar þriðjudaginn 23. febrúar 2010, kl. 17.00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Fundinn sátu: Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður, Jóhann Ævarsson, Jóhann Hannibalsson, Roland Smelt og Gísli Gunnlaugsson, byggingarfulltrúi sem einnig ritaði fundargerð.

Varaformaður setti fundinn kl. 17.00.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Árbæjarkantur 3.

Umsókn frá Jóni Þorgeiri Einarssyni f.h. Blakkness ehf., þar sem sótt er um leyfi til að stækka glugga á kaffistofu á 2. hæð austurhliðar hússins samkvæmt meðfylgjandi teikningu dagsettri 1. febrúar 2010.

Umbedin breyting samþykkt, ráðið beinir því til umsækjanda að opnanleg fög verði útbúin sem björgunarop.

2. Bakkastígur 6a og 6b.

Fyrirspurn frá Sigurjóni Sveinssyni um breytingar á parhúsunum að Bakkastíg 6a og 6b. Hugmyndin er að sameina íbúðirnar og útbúa bílgeymslu sem að hluta fellur inn í núverandi hús en yrði að hluta í viðbyggingu.

Umhverfismálaráð tekur jákvætt í fyrirspurnina og samþykkir að senda hana í grendarkynningu til eigenda húsanna við Bakkastíg 8a og 8b.

3. Hlíðarstræti 7.

Tekið fyrir að nýju erindi Guðmundar Óla Kristinssonar vegna breytinga á íbúðarhúsinu við Hlíðarstræti 7. Erindið var áður á dagskrá umhverfismálaráðs 1. desember s.l. Umsækjandi hefur lagt fram teikningu þar sem næstu nágrennar hafa skrifað upp á samþykki sitt fyrir breytingunum.

Erindið samþykkt.

4. Önnur mál.

Byggingarfulltrúi lagði fram til kynningar leiðbeiningarrit frá Mannviti, verkfræðistofu sem fjallar um Umferðaröryggisáætlanir sveitarfélaga. Ritið er aðgengilegt á heimsíðu Mannvits, mannvit.is.

Fundi slitið kl. 17.35.

Katrín Gunnarsdóttir

Jóhann Ævarsson

Jóhann Hannibalsson

Roland Smelt

Gísli Gunnlaugsson, byggingarfulltrúi